



Reykholahreppur
Hlynur Torfi Torfason
Maríutröð 5a Reykhólum
380 KRÓKSFJARÐARNES

Garðabær, 16.7.2025

Málsnúmer: 202506-0011

IAS

Efni: Flatey – íbúðabyggð. Skipulags- og matslýsing.

Vísað er til erindis frá Reykhólahreppi, frá 5. júní 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á landnotkun svæðanna F4 (Vesturbúðir) og F6 (Þorpið) úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Svæðin tvö eru í gildandi aðalskipulagi skilgreind sem frístundabyggð, en svæðin byggðust upp sem íbúðarbyggð og þar er enn heilsársbúseta.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulags- og matslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í lýsingunni er skipulagssvæðið innan verndarsvæðisins Breiðafjörður auk þess sem austurhluti Flateyjar og eyjar og hólmar suður sunnan við Flatey eru friðlýstir sem friðland. Helstu áhrifaþættir breytingartillögunnar á umhverfis eru taldir felast í mannvirkjagerð, húsbyggingum og innviðum, nýtingu auðlinda s.s. lands og vatns. Breytingarnar kunnar að hafa áhrif á náttúrufarsþætti, ásýnd og samfélagsþætti svo sem byggð og samfélagsþjónusta.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að fjallað sé um möguleg áhrif aukinnar byggðar og fjölgunar íbúa á friðuðu svæðin og að tryggt verði að verndargildi friðlandsins í Flatey rýrni ekki við breytingarnar.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur